



SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT
ÍSLANDS

STAR WARS

28. OG 29. NÓVEMBER 2012





MENNTA- OG
MENNINGARMÁLARÁÐUNEYTIÐ



Reykjavíkurborg

Vinsamlegast hafið slökkt á farsímum meðan á tónleikum stendur.

Tónleikagestir eru beðnir um að klappa aðeins í lok tónverksins.

Seinni tónleikarnir verða í beinni útsendingu á Rás 1 og verða aðgengilegir á www.ruv.is í tvær vikur.

Áætluð tímalengd:

Fyrir hlé: 45 mínútur

Eftir hlé: 45 mínútur

Bakhjarlar:



GAMMA

STAR WARS

TÓNLEIKAR Í ELDBORG 28. OG 29. NÓVEMBER 2012 » 19:30

Lucas Richman hljómveitarstjóri

John Williams

Tónlist úr Stjörnustríðsmyndunum

Kynningarstef

Einvígi forlaganna

Stef Anakins

Litla fólkið eða Jawa-stefið

Fánaskrúðgangan

Yfir stjörnurnar

Bardagi hetjanna

Mars heimsveldisins /Stef Svarthöfða

Hlé

Loftsteinabeltið

Stef Leiu prinsessu

Hljómveit kantínunnar

Stef Yoda

Hér koma þau!

Luke og Leia

Skrúðganga Ewokanna

Skógarbardaginn

Hásætissalurinn - Lokastef



Lucas Richman

hljómsveitarstjóri

Lucas Richman lauk meistaragráðu í tónsmíðum frá Háskólanum í Suður-Kaliforníu þar sem Daniel Lewis var helsti kennari hans auk þess sem hann var í einkanámi hjá hljómsveitarstjórunum Fritz Zweig og Víctor Yampolsky. Og sem ungur maður var hann valinn til að gegna stöðu aðstoðarstjórnanda í masterklössum hjá þekktum hljómsveitarstjórum eins og Pierre Boulez og André Previn. Snemma á ferlinum var hann einn af fjórum alþjóðlegum hljómsveitarstjórum sem heiðruðu Leonard Bernstein og stjórnðu með honum hljómsveit Schleswig-Holstein tónlistarháttíðarinnar á tónleikaferðalagi víða um lönd.

Lucas Richman hefur verið tónlistar- og hljómsveitarstjóri Sinfóníuhljómsveitarinnar í Knoxville í Bandaríkjunum frá árinu 2003 og á þeim tíma hefur hljómsveitin hlotið mikið lof, bæði fyrir verkefnaval og flutning. Hann hefur einnig gegnt stöðum tónlistar- og hljómsveitarstjóra Sinfóníuhljómsveitarinnar í Bangor (BSO) frá árinu 2010. Hann hefur stjórnað fjölmörgum hljómsveitum víða um heim, eins og Fílharmóníusveitum New York-borgar, Los Angeles og í Fíladelfíu, Rússnesku þjóðarhljómsveitinni, Fílharmóníuhljómsveit Óslóborgar, Útvarpshljómsveitinni í Kaiserslauten í Þýskalandi o.fl. og hefur unnið með heimsþekktum einleikurum.

Richman hefur unnið með mörgum kvikmyndatónskáldum og árið 2010 bauð John Williams honum að stjórna tónlistinni við *Stjörnustríðsmyndirnar* á þriggja mánaða löngu tónleikaferðalagi.

Richman er þekktur sem skipuleggjandi tónleikaraða fyrir ungt fólk og hefur unnið sem slíkur með mörgum þekktum hljómsveitum í Bandaríkjunum. Hann hefur sjálfur fengist við tónsmíðar og hefur lagt sig sérstaklega eftir því að semja tónlist fyrir börn.



John Williams

Tónlistin við Stjörnustríðsmyndirnar

John Towner Williams (1932) er eitt þekktasta og afkastamesta kvikmyndatónskáld Bandaríkjanna. Hann hefur samið tónlist við fleiri þekktar kvikmyndir en nokkur annar – of langt mál er að telja þær allar upp en þó má nefna myndir eins og *Ókindina* (Jaws), *Ofurhetjuna* (Superman), myndirnar um fornleifafræðinginn *Indiana Jones*, geimálfinn *E.T.* og þrjár fyrstu *Harry Potter*-myndirnar. Og auðvitað *Stjörnustríðsmyndirnar*. Þar fyrir utan hefur hann samið tónlist fyrir setningu fernra Ólympíuleika og stef fyrir ýmsar merkar og mikilvægar upptökur aðrar.

John Williams hefur unnið til fimm Óskarsverðlauna og verið tilnefndur til þeirra 47 sinnum og er þar með sá einstaklingur sem hefur verið tilnefndur næstoftast – næst á eftir Walt Disney. Hann hefur unnið fern Golden Globe-verðlaun, sjö BAFTA-verðlaun og 21 Grammy-verðlaun og auk þess hefur honum hlotnast margvíslegur heiður sem of langt mál yrði að telja upp.

Eitt helsta afrek hans á tónlistarsviðinu er þó sennilega það að kynna fjölbreytileika stórra sinfóníuhljómsveita fyrir fólki sem aldrei hefði dottið í hug að hlusta á slíkar hljómsveitir ef ekki hefði verið verið fyrir tónlist Williams við allar þessar þekktu kvikmyndir.

John Williams sagði eitt sinn í viðtali: „Sem hljóðfæri er sinfóníuhljómsveit ein af mestu uppfinningum mannshugans. Og þar sem hljómsveitin hefur þroskast í yfir 200 ár spannar tjáningarhæfni hennar ótrúlega vítt svið.“ Þetta hljóðfæri hefur hann gert að sínu og hann kann svo sannarlega að nota allar hliðar þess.

Stjörnustríðsmyndirnar



Í *Stjörnustríðsmyndunum* eftir George Lucas er áhorfandinn kynntur fyrir stjörnuþöku í órafjarlægð, þar sem er að finna veröld ólíka okkar og framandlega íbúa hennar. *Stjörnustríðsmyndirnar* eru orðnar sjö – og John Williams hefur samið tónlistina við sex þeirra, sem eru þær myndir sem mynda kjarna verksins. Þetta eru tveir þrileikir, sá fyrri kom út á árunum 1977 – 1983 og sá síðari á árunum 1999 – 2005. Og þar sem seinni þrileikurinn gerist á undan hafa þær myndir fengið númerin frá I – III og hinar þrjár, IV – VI. Í öllum myndunum segir frá átökum tveggja hópa; Jeda sem eru fulltrúar hins góða og Sitha, sem eru hinir illu andstæðingar þeirra. Auk þeirra eru margvíslegar aðrar verur á sveimi en söguþráðurinn er margslunginn og honum verður ekki lýst frekar hér.

Þrileikjunum tveimur má hæglega líkja við risavaxinn óperuhring í anda Wagners – enda notar Williams leiðarstef eða ein-kennisstef fyrir allar aðalpersónur eins og Wagner gerði. En leiðarstef er nokkrar nótur eða lengri laglínur sem geta táknað persónur eða atburði, og lýst eiginleikum þeirra og þurfa að vera auðþekktanleg. Þetta tekst Williams ótrúlega vel í *Stjörnustríðsmyndunum* og mörg stefjanna hafa öðlast frægð langt útfyrir raðir kvikmyndaáhugamanna.

Tónlistin er oftast í síðrómantískum anda, og greinileg áhrif frá tónskáldum eins og Richard Wagner og nafna hans Strauss en einnig Rússunum Aram Khatsjaturjan, Sergej Prokofiev og Ígor Stravinskíj – en áhrif frá *Vorblóti* hans eru sjaldan fjærri í stórbrotnum og dramatískum kvikmyndum. Síðrómantísk áhrif eru notuð vísvitandi til að tengja hinar fjarlægðu og oft furðulegu verur kunnuglegum tónheimi, og leiðarstefin hafa átt þátt í því að þær hafa náð hylli áhorfenda.

Stefin

Kynningarstef allra *Stjörnustríðsmyndanna*, stef hetja og ævintýra sem hljómar í upphafi og við lok allra myndanna. Stefið er eins konar hylling Lukes Skywalker, sem er ein aðalpersóna myndanna.

Einvígi forlaganna – lýsir átökum illra og góðra afla. Tvö þrástef í moll eru uppistaðan og það heyrir á ögurstundum þar sem átök verða milli góðs og ills.

Stef Anakins hefur yfir sér ró og virðuleika og í því er að finna fræ að *Heimsveldismarsinum*.

Litla fólkið eða *Jawa-stefið*, kátlegt stef úr fyrstu myndinni. Tréblásturshljóðfæri eru hér mest áberandi – og hér gæti áhrifa frá *Vorblóti* Ígors Stravinskíj augljóslega.

Fánaskrúðgangin – ábúðamikill mars þar sem málmblásturs-hljóðfærin eiga aðalstefið – kallast á við lokastef allra myndanna.

Yfir stjörnur – hugljúft ástarstef þar sem óbó er með aðal-línuna.

Bardagi hetjanna – mikil ógn býr í þessu stafi sem dekkri strengirnir skapa strax í upphafi.

Mars heimsveldisins – stef *Svarthöfða*. Þetta stef hefur öðrum fremur orðið eins konar birtingarmynd hins illa í eyrum margra. Þetta er eitt af alþekktustu stefnum *Stjörnustríðsmyndanna*.

Loftsteinabeltið – lýsir flóttu Leiu prinsessu og Han Solo elskhuga hennar í gegnum loftsteinabelti. Í upphafi má heyra stefi Svarthöfða bregða fyrir en allt í kring er mikil hreyfing í hljómsveitinni, sem endurspeglar hraða og ógn.

Stef Leiu prinsessu - hugljúft og fallett stef sem endurspeglar prinsessuna sjálfa, er viðkvæmt en býr þó yfir styrk.

Hljómsveit kantínunnar er dansband sem spilar fjörugan djass og dixieland-tónlist sem er gerólk allri annarri tónlist kvikmyndanna og sýnir hversu fjölhæft tónskáld John Williams er.

Stef Jedimeistarans Yoda. Kyrrlát og falleg tónlist sem lýsir eiginleikum hans - að miðla og kenna. Hluta stefsins bregður fyrir í kvikmyndinni um geimálfinn *E.T.* enda eiga þeir ýmislegt sameiginlegt.

Hér koma þau! Stef sem lýsir bardaga í himingeimnum þar sem geimskutlurnar skjótast fram og aftur.

Luke og Leia. Stefið endurspeglar tengsl systkinanna. Flautur og horn eru mest áberandi, takturinn er fjórskiptur, en verður allt að því valslegur á kafla.

Skrúðganga Ewokanna og *Skógarbardaginn*: Ewokarnir búa á tungli plánetunnar Endor. Stefið tengist þeim og í beinu framhaldi kemur svo skógarbardaginn.

Hásætissalurinn - lokastef – Mikilúðlegur lúðraþytur sem hæfir hásetissalnum fullkomlega!

Ingibjörg Eyþórsdóttir

Á DÖFINNI



JÓLATÓNLEIKAR SINFÓNÍUNNAR

Laugardaginn 15. desember kl. 14:00 og 16:00

Sunnudaginn 16. desember kl. 14:00

Jólatónleikar Sinfóníunnar eru fastur liður í jólahaldi margra fjölskyldna á Íslandi. Í ár, sem endranær, verður hátíðleikinn í fyrirrúmi með þjóðlegu ívafi, ungum slagverksnemendum og nemendum Listdansskóla Íslands sem túlka sívinsælt tónverk um *Snjókarlinn*. Sígild jólalög verða flutt af Þóru Einarsdóttur og Stúlnakór Reykjavíkur en Bjöllukór Tónlistarskóla Reykjanessæjar hringir inn jólin.

Bernharður Wilkinson hljómsveitarstjóri

Trúðurinn Barbara kynnir



VÍNARTÓNLEIKAR

Fimmtudaginn 10. janúar kl. 19:30

Föstudaginn 11. janúar kl. 19:30

Laugardaginn 12. janúar kl. 16:00

Árlegir Vínartónleikar Sinfóníuhljómsveitar Íslands eru vinsælustu tónleikar hljómsveitarinnar og ekki að undra þar sem glæsileiki og gleði einkenna Vínartónlistina sem mörgum þykir ómissandi upphaf á nýju ári. Á Vínartónleikunum 2013 hljómar sígild Vínartónlist undir stjórn Peters Guth en hann hefur margsinnis stjórnað og leikið á fjörugum Vínartónleikum Sinfóníuhljómsveitarinnar. Guth hefur átt mikilli velgengni að fagna, bæði sem fiðluleikari og hljómsveitarstjóri.

Einsöngvari á Vínartónleikunum er sópransöngkonan Hulda Björk Garðarsdóttir sem er landsmönnum að góðu kunn en Hulda Björk tók þátt í flutningi Sinfóníuhljómsveitar Íslands á *Níundu sínfóníu* Beethovens síðasta vor og söng nú í haust Leonoru í *Il Trovatore* í Íslensku óperunni.

Peter Guth hljómsveitarstjóri

Hulda Björk Garðarsdóttir einsöngvari

Hljómsveit á tónleikum

28. & 29. nóvember 2012

1. FÍÐLA

Sif Margrét Tulinius
Una Sveinbjarnardóttir
Zbigniew Dubik
Andrzej Kleina
Júliana Elin Kjartansdóttir
Margrét Kristjánsdóttir
Olga Björk Ólafsdóttir
Ágústa María Jónsdóttir
Lin Wei
Bryndís Pálsdóttir
Pálína Árnadóttir
Laufey Sigurðardóttir

2. FÍÐLA

Ari Þór Vilhjálmsson
Roland Hartwell
Mark Reedman
Þórdís Stross
Christian Diethard
Sigurlaug Eðvaldsdóttir
Ólöf Þorvarðsdóttir
Margrét Þorsteinsdóttir
Dóra Björgvinsdóttir
Kristján Matthíasson

VÍÓLA

Svava Bernharðsdóttir
Guðrún Þórarinsdóttir
Ásdís H. Runólfsdóttir
Eyjólfur Alfreðsson
Jónína Auður Hilmarsdóttir
Herdís Anna Jónsdóttir
Sesselja Halldórsdóttir
Kathryn Harrison

SELLÓ

Bryndís Halla Gylfadóttir
Sigurgeir Agnarsson
Bryndís Björgvinsdóttir
Ólöf Sesselja Óskarsdóttir
Sigurður Bjarki Gunnarsson
Hrafnkell Orri Egilsson
Auður Ingvadóttir
Margrét Árnadóttir

BASSI

Páll Hannesson
Dean Ferrell
Jóhannes Georgsson
Richard Korn
Þórir Jóhannsson

FLAUTA

Áshildur Haraldsdóttir
Emilía Rós Sigfúsdóttir
Martial Nardeau

ÓBÓ

Daði Kolbeinsson
Peter Tompkins
Eydis Franzdóttir

KLARÍNETT

Arngunnur Árnadóttir
Einar Jóhannsson
Rúnar Óskarsson

SAXÓFÓNN

Peter Tompkins

FAGOTT

Brjánn Ingason
Rúnar Vilbergsson
Darri Mikaelsson

HORN

Joseph Ognibene
Emil Friðfinnsson
Þorkell Jólsson
Lilja Valdimarsdóttir
Ella Vala Ármannsdóttir

TROMPET

Ásgeir Steingrímsson
Einar Jónsson
Eiríkur Örn Pálsson
Guðmundur Hafsteinsson

BÁSÚNA

Sigurður Þorbergsson
Jón Halldór Finnsson
Ingibjörg Guðlaugsdóttir
David Bobroff

TÚBA

Nimrod Ron

HARPA

Katie Buckley

PIÁNÓ / CELESTA

Anna Guðný Guðmundsdóttir

PÁKUR

Eggert Pálsson

SLAGVERK

Steef van Oosterhout
Frank Aarnink
Árni Áskelsson
Pétur Grétarsson
Kjartan Guðnason



AÐVENTUTÓNLEIKAR

SINFÓNÍUHLJÓMSVEITAR ÍSLANDS

MESSÍAS

— GEORG FRIEDRICH HÄNDEL —

Fá meistaraverk eru flutt jafn oft við þvillikar vinsældir og óratória Händels. Þetta er eitt frægasta tónverk sem samið hefur verið og fyrir mörgum ómissandi hluti af jólaundirbúningnum. Ekki láta þessa einstöku aðventutónleika framhjá þér fara.

Mið. 05. DES. '12 » 19:30

Fim. 06. DES. '12 » 19:30

Georg Friedrich Händel

Messias

Nicholas Kraemer

hljómsveitarstjóri

Helen-Jane Howells,

Marianne Beate Kielland,

James Gilchrist og

Roderick Williams einsöngvarar

Kór Áskirkju,

Magnús Ragnarsson kórstjóri



ENNEMM / SJIA / NM54421

Forvarnir eru málið þegar tryggingar snúast um fólk!

VÍS | ÁRMÚLA 3 | 108 REYKJAVÍK | SÍMI 560 5000 | VIS.IS

VÍS